

Fjallabyggð
bt. Elíasar Péturssonar bæjarstjóra
Gránugötu 24
580 Siglufirði
elias@fjallabyggd.is

Dags. 05.10.2021
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2021-0190
0.5.0

Með bréfi dags. 23. september sl. fór Fjallabyggð þess á leit við Veðurstofu Íslands að sveitarfélagið yrði upplýst um hvort stofnunin hafi uppi áform um aukið eftirlit með snjóalögum ofan við byggðina á Siglufirði á komandi vetri.

Svar Veðurstofunnar er sem hér segir:

Eftir snjóflóðin á Flateyri í janúar 2020 var ákveðið að endurmeta snjóflóðahættu neðan við varnargarða sem reistir hafa verið hér á landi. Í ljós kom á Flateyri að kóf og eðlisléttur snjór flæddi yfir varnargarðana og skapaði meiri hættu neðan þeirra en áður hafði verið miðað við. Byrjað verður á slíku endurmati fyrir helstu leiðigarða á landinu og er nú unnið að líkanreikningum sem eru grundvöllur endurmatsins. Drög að endurskoðuðu hættumati fyrir Flateyri hafa verið lögð fram. Miðað er við að endurskoðað hættumat fyrir suðurhluta Siglufjarðar verði lagt fram á árinu 2022. Ljóst er eftir reynsluna á Flateyri að grípa þarf til rýminga af minna tilefni en áður var gengið út frá. Bráðabirgðarýmingarkort fyrir Siglufjörð var gert eftir snjóflóðin á Flateyri. Unnið var eftir því við rýmingar í janúar. Snjóflóðahrinan á Norðurlandi í fyrirvetur var sérstök að mörgu leyti þar sem stór flóð tóku að falla strax í upphafi veðurs og er hún með stærri snjóflóðahrinum sem þekktar eru í þessum landshluta.

Reglulega verður fylgst með snjóalögum og snjósöfnun í fjöllum umhverfis Siglufjörð í vetur. Í miðri stórhrið er hinsvegar takmarkað hægt að fylgjast með snjósöfnun í einstaka gil og upptakasvæði, en þó hægt að fylgjast með snjódýpt á sjálfvirkum mælum. Þrír slíkir eru nú til staðar, á Grashólalbrún, í Miðstrandargili og í Hafnarhyrnu. Fjórði mælirinn sem var í sunnanverðum Illviðrishnjúki brotnaði niður, en í stað hans verður settur upp mælir í norðanverðum Illviðrishnjúki. Markmiðið með þeirri staðsetningu er að ná betur snjósöfnun í vindáttum frá NV til NA.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Fylgiskjal: Bráðabirgðarýmingarkort fyrir Siglufjörð.